

Fundur 22.1.2024 Ólafur Gunnar Daníelsson.

Gaman að komast í sambandið loksins aftur, þurfti það átak og er hér einhver sem þekkir Magga sem býr til hamborgara ?

*Magga sem býr til hamborgara já, var hann með fyrirtæki út á Granda ?*

Já.

*Við könnumst við hann ábyggilega nokkur.*

*Hvar í Reykjavík ?*

Já hann biður að heilsa.

*Magnús Ingi ?*

Já

*Já blessaður vinur.*

Nei.

*Hann biður að heilsa.*

*Hann biður að heilsa.*

*Spyr hvort við þekktum hann.*

Já.

*Hann var nú í ýmsu hann Magnús Ingi.*

Hann hefur gefið okkur að borða sem erum nýkomin yfir.

*Já já, en þú ert hver ?*

Ég er að reyna að koma því að, ég, við, konan þín er hér við hlið mér, Inga.

*Já konan mín ?*

Já hún biðar að heilsa.

*Já þakka þér fyrir það, ég við að heilsa henni og öllu hennar fólki og mínu.*

Hún hjálpaði mér að komast að og hún er,

*Ekki ert þú Óli ?*

Já.

*Ert þú Óli sonur minn ?*

Já

*Takk ég er búinn að bíða svo eftir að þú komir, ert þú búinn að hitta ömmu Sigrúnu og afa Sigurð og þá alla í ættinni ?*

Já mér finnst svo leiðinlegt hvað gerðist, þetta átti ekki að gerast,

*Ég veit það, þetta gerðist bara, en draumarnir, hefur þú verið að koma þar til mín ?*

Já. Þú hefur fundið að ég sakna ykkar svo mikið.

Já.

Og þig hefur dreymt mig ?

*Já og líka áður en þú dóst, áður en þú fórst, þá var eins og einhver kallaði á mig, eða kallaði í draumi, Óli er dáinn, það var áður en þú dóst, og þetta var svo skrítið allt, en ég er svo þakklát að fá að heyra í þér og Steini vinur þinn, er hann hjá þér líka ? Sem dó stuttu síðar.*

Já hann er hér, ég er að reyna að hjálpa honum líka, þetta er svo erfitt andlega líka en hann er að ná sér líka.

*Mér langar svo líka, þegar þú dóst þá, því hann hringdi og lét okkur vita, hann Steini að þú værir dáinn, en það var verst að ég náði aldrei í hann, ég vildi geta náð í hann og tekið utan um hann, því hann átti líka mjög erfitt að koma að þér, en þú verður að skila góðri kveðju frá mér til hans líka og gott að þú getur komið í draumana, svo sérð þú mig ?*

Óli,

Ég, mig dreymir þig líka og ég sé þig stundum og mig hefur dreymt þig og ég sé þig en ég hef ekki alveg stjórn á því hvenær það er.

*Nei, ég skil og veit að Siggi bróðir þinn hugsar mikið til þín og Danni og bara við elskum þig og bara ég er svo þakklát að þú komir í gegn, komist í gegn.*

Já, ég, þú segir að ég biðji að heilsa þeim öllum og,

*Hvernig líður þér ?*

Já þetta er allt að komast á réttan kjöl hjá mér, ég er búinn að fá svona, það er sérstök svona aðferð, þannig að ég hef ekki svona fíkn mikla lengur.

Já.

Og ég vona að Steini fari í það líka.

*Já honum tekst þetta, og líka annað, það datt alveg úr mér, ég á svo erfitt með það, ég sé þig alltaf í rauða jakkanum, og ég segi líka að þú sért komin heim, og ég komi síðar.*

Og þú bíðir eftir mér.

Já, já, ég finn svo mikla skömm og sjálfs ásökun að ég fór frá ykkur, að þetta, ég átti að vita betur, þetta gat komið fyrir.

*Já bara slys.*

Já, ég verð að koma seinna, það er svo erfitt að tala um þetta.

Já.

En ég ætla að segja líka frá því að hún,

*Kann Valdi að koma hérna ?*

Já, annar maður sem biður að heilsa, Ólafur Þórðar, nafni minn tónlistarmaður, hann er með svona, hann hjálpar mér líka.

*Já.*

Hann vill komast í sambandið,

*Úr Ríó ?*

Já, hann er búinn að fyrirgefa, það sem kom fyrir hann, það sem kom fyrir hann.

*Já já.*

Og konan þín er búin að finna foreldra sína og amma hennar miklu ánægðari hér.

*Já, þannig að þær eru farnar að tala saman.*

Já, en er Siggi ekki leiður yfir þessu ?

*Jú, en hann er, við erum öll, jú hann er sorgmæddur.*

En segðu honum að þetta sé allt að verða gott og betra, ég, það er svo margt hér sem mig langar að gera, það er svo margt hægt að læra.

*Ég veit. Ég veit það.*

Já, en ég þarf að taka því rólega fyrst og svo ákveða mig meira.

*Já.*

Fyrst bara átta mig á þessum aðstæðum og öllu sem breytist og já.

*Þú átt eftir að brillera þarna eins og hér.*

Já þið megið ekkert ásaka ykkur fyrir þetta, ég

*Nei ég veit.*

Ég er líka búinn að læra það að það eru svo margir sem hafa lent í þessu sem þurfa hjálp, sem eru miklu verr staddir

*Já.*

En það verður bara seinna.

*Já, Runni er hann að hjálpa þarna líka ?*

*Runni.*

Já það er langt síðan, en já, hann, já hef hitt hann, það er, já já, hann hefur kennt mér ýmislegt.

*Já ert þú búinn að hitta ömmu Sigrúnu ?*

Já, og hún vill skila kveðju.

*Já og afi Sigurður, ég bara elska þau og bara skila kveðju til allra, og ég vona að þú kikir aftur og Óli ein spurning, ég nota pinnana stundum, svara þú mér með þeim ?*

Ég hef fundið þegar ég hef getað

*Já.*

Gaman að því, ég ætla að halda því áfram.

*Já takk.*

En þakka þér fyrir.

*Takk fyrir að þú komst, ég sakna þín og ég elska þig.*

Ég elska þig líka, ég

*Ég sé þig síðar.*

Já, en það var miklu betra að ég gat komið og sendi þeim öllum kveðju.

*Takk.*

Já, hæ, takk fyrir, verið blessuð öll.

*Vertu blessaður og skilaðu kveðju.*